

Margar leiðir eru færar til að fá hugmyndir sem geta gagnast hverfinu, bænum eða borginni sem þú býrð í. Hér eru nokkrar:

Varan eða þjónustan er ekki til á þínu svæði

1. Líttu á heimasíður fyrirtækja og stofnana um allt land en einnig útlendar heimasíður.
 - a. Þjóða þær upp á eitthvað sem ekki er til á þínu svæði?
2. Er verið að gera eitthvað á öðrum stöðum sem ekki er gert á þínu svæði?
 - a. Væri hægt að þjóða upp á þetta á þínu svæði?

Ert þú kannski með hugmynd sem enginn annar hefur fengið?

Sérstaða

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskyldu þína, kennara, heimamenn og aðra sem þekkja bæinn eða nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað sem er til staðar í bænum, samfélaginu eða náttúrunni í kring sem er alveg sérstakt og erfitt eða ómögulegt að fá annars staðar?
 - i. Merkileg saga? Merkilegar náttúruminjar? Merkilegar byggingar? Merkilegar vörur eða vöruframleiðsla, söfn, vinnustofur listamanna og svo framvegis?

Endurbætur

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fólk, kennara, heimamenn og aðra sem þekkja bæinn eða nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað er til staðar sem má bæta eins og framleiðsla á einhverju eða einhvers konar þjónusta?
 - i. Er hægt að gera hana umhverfisvænni?
 - ii. Er hægt að tengja mismunandi þætti saman og þjóða þannig upp á fjölbreyttari vörur eða þjónustu?

Ónýttar auðlindir

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskylduna, kennara, heimamenn og aðra sem þekkja bæinn eða nágrennið vel.
 - a. Er til dæmis eitthvað húsnæði sem stendur tómt sem hægt væri að nýta í einhverja starfsemi?
 - b. Eru einhverjir „afgangar“ í framleiðslufyrirtækjum, sem hægt væri að nýta til að búa til eitthvað annað?
 - c. Eru hlutir í náttúrunni, sem hægt væri að nýta til að búa til hluti sem til dæmis ferðamenn gætu haft áhuga á?

Ýmsar aðrar leiðir eru færar til að fá hugmyndir og gæti til dæmis verið ágætt að skoða [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og nærsamfélagið](#), sjá þar þær áskoranir og vandamál sem eru til staðar – og reyna að koma með lausnir á þeim.

Í hugmyndavinnunni er annars gullna reglan einfaldlega sú að „vera forvitinn, spyrja spurninga, láta ímyndunaraflið ráða för og hafa trú á sjálfum sér“. Þá spretta fram hinar ólíklegustu hugmyndir úr kalli hugmyndasmiðsins.